

BV BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Sigríður Jóhannesdóttir sjo@bondi.is

3. bréf 2012

Mars

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands verður haldinn að Hótel Hamri miðvikudaginn 18. apríl næstkomandi og hefst kl. 11:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Breytingar á samþykktum. Athugið meðfylgjandi tillögu millifundanefndar BV.
3. Kosning fulltrúa til Búnaðarþings (vegna næsta kjörtímabils, 2013-2015).
4. Önnur mál.

Athygli er vakin á eftirfarandi ákvæðum í samþykktum BV:

Úr 6. gr.

“Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Þau ár sem kosning til Búnaðarþings fer fram skal þó ákvæði samþykktá Bændasamtaka Íslands gilda eftir því sem við á. Hvert búnaðarfélag innan samtakanna kys fulltrúa til setu á aðal- og aukafundum þeirra sem hér segir:

*Félög með 11 til 20 félaga kjósi 1 fulltrúa.
Félög með 21 til 30 félaga kjósi 2 fulltrúa.
Félög með 31 til 40 félaga kjósi 3 fulltrúa.
Félög með 41 til 50 félaga kjósi 4 fulltrúa
og félög með 51 félaga og fleiri kjósi 5 fulltrúa.
Kosning fulltrúanna gildir í eitt ár.*

Auk þess eiga þar sæti með málfrelsi og tillögurétt fulltrúar búgreinafélaganna, búnaðarþingsfulltrúar á Vesturlandi, starfsmenn Búnaðarsamtakanna og stjórnarmenn þeirra.

Aðalfundur skal boðaður skriflega eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara. Hann er lögmaður ef 2/3 hlutar fulltrúa eru mættir. Fundurinn skal opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum Búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt. Sama á við um aukafundi”.

Athygli er einnig vakin á að kosning fulltrúa til Búnaðarþings (vegna næsta kjörtímabils, 2013-2015) mun fara fram á fundinum, samanber áður birtar auglýsingar um ákvarðanir stjórnar þar að lútandi.

Á síðasta aðalfundi BV var eftirfarandi tillaga samþykkt:

1. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 felur stjórn BV að skipa þriggja manna nefnd sem hefur það hlutverk að skoða samþykktir BV og framtíð leiðbeiningaþjónustunnar með tilliti til breytts fjárhagsumhverfis. Nefndin skili af sér fyrir formannafund búnaðarsambandanna 2011.

Greinargerð: Síðan Búnaðarsamtök Vesturlands voru stofnuð hafa samgöngur batnað, samskiptatækni fleygt fram, búskaparhættir breyst, og fækkað hefur í hópi starfandi bænda og búnaðarfélag verið sameinuð. Starfsumhverfi leiðbeiningaþjónustunnar hefur tekið umtalsverðum breytingum síðastliðin ár. Í nýjum búnaðarlagasamningi er töluverður samdráttur í starfsfé til búnaðarsambanda sem mun óneitanlega hafa áhrif á rekstur leiðbeiningaþjónustunnar í heild sinni. Nauðsynlegt er að samhliða þessum breytingum sé starf leiðbeiningaþjónustunnar endurskoðað ásamt samþykktum BV.

Samþykkt samhljóða

Nefndin var skipuð af stjórn BV 29. júní 2011 og í henni sátu: Baldvin Björnsson Skorholti, Guðlaug Sigurðardóttir Hraunhálsi og Hörður Hjartarson Vífilsdal. Nefndin skilaði af sér á formannafundi BV í desember tillögum um breytingar á samþykktum BV.

Vinsamlegast látið vita um þátttöku á fundinn á skrifstofu BV á netfangið bv@bondi.is eða í síma 437 1215 í síðasta lagi föstudaginn 13. apríl.

Hér á eftir fara tillögur nefndarinnar að breyttum samþykktum. Nýr texti er undirstrikaður en útfelldur texti yfirstrikaður.

Nýjar samþykktir Búnaðarsamtaka Vesturlands

(með fyrirvara um samþykki stjórnar Bændasamtakanna)

1. gr.

Samtökin heita Búnaðarsamtök Vesturlands, skammstafað BV, og nær félagssvæði þeirra yfir Vesturland frá Hvalfjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn. Heimili þeirra og varnarþing er þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Búnaðarsamtökin eru aðili að Bændasamtökum Íslands, sem eru heildarsamtök Íslenskra bænda.

2. gr.

Búnaðarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði, óháð þeim búrekstri sem þeir stunda, sbr. skilgreiningu Búnaðarlaga nr. 70/1998. Búnaðarfélögin á félagssvæðinu eru aðildarfélag búnaðarsamtakanna og skulu þau fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- 1) Að lög og reglur samrýmist samþykktum Búnaðarsamtaka Vesturlands og Bændasamtaka Íslands.
- 2) Að skila félagaskrá, í síðasta lagi á aðalfundi samtakanna. Í félagaskrá skal m.a. skráð hvaða búgrein hver félagsmaður stundar.
- 3) Að skila aðalfundargerð og endurskoðuðum ársreikningi fyrir lok nóvember.

3. gr.

Aðild að Búnaðarsamtökum Vesturlands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, eða vegna eigin nota, enda séu þeir aðilar að búnaðarfélagi á samtakasvæðinu. Þegar um er að ræða félagsaðild lögaðila skal félagsaðildin bundin við einn nafngreindan einstakling, sem kemur fram fyrir hönd lögaðilans. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta. Bændum sem hætt hafa búskap vegna aldurs eða heilsuþrengis skal heimil áframhaldandi þátttaka í viðkomandi félagi með fullum félagsréttindum, hafi þeir áfram búsetu á hlutaðeigandi félagssvæði. Búnaðarfélögin skulu vera opin fyrir félagsaðild þeirra sem uppfylla ofangreind skilyrði og skulu allir félagsmenn njóta sömu réttinda. Enginn einstaklingur getur farið með meira en eitt atkvæði á félagsfundi. Ef sami einstaklingur er í fleiri en einu búnaðarfélagi hefur hann atkvæðisrétt um málefni BV í því búnaðarfélagi þar sem árgjald til BV er innheimt

4. gr.

Hver félagsmaður og lögaðili sem hefur aðild að búnaðarsamtökunum skal greiða gjald til þeirra. Gjald þetta er ákveðið á aðalfundi. Gjöld þessi greiðist fyrir lok nóvember ár hvert. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt árgjald.

Heiðursfélagar og félagar eldri en 70 ára skulu vera undanþegnir árgjaldi til Búnaðarsamtakanna.

5. gr.

Tilgangur og verksvið samtakanna er:

1. Að beita sér fyrir bættum kjörum bænda á öllum sviðum.
2. Að reka eða eiga aðild að leiðbeiningamiðstöð er annist leiðbeiningastörf (fagleg viðfangsefni).
3. Að vinna að kynbótum búfjár, m.a. með því að starfrækja sæðingastöðvar fyrir nautgripi og sauðfé, svo og aðrar búfjártegundir, ef tiltækilegt þykir.
4. Að vera starfandi tengiliður milli Bændasamtaka Íslands og bænda á félagssvæðinu.

6. gr.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Þau ár sem kosning til Búnaðarþings fer fram, skal þó ákvæði samþykktu Bændasamtaka Íslands gilda eftir því sem við á.

Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannanlegan hátt með minnst sex vikna fyrirvara.

Hvert búnaðarfélag innan samtakanna kys fulltrúa til setu á aðal- og aukafundum þeirra, sem hér segir:

Félög með 11 til 20 félaga kjósi 1 fulltrúa.

Félög með 21 til 30 félaga kjósi 2 fulltrúa.

Félög með 31 til 40 félaga kjósi 3 fulltrúa.

Félög með 41 til 50 félaga kjósi 4 fulltrúa

og félög með 51 félaga og fleiri kjósi 5 fulltrúa.

Félög með 11-30 félaga kjósi 1 fulltrúa.

Félög með 31-55 félaga kjósi 2 fulltrúa.

Félög með 55 félaga og fleiri kjósi 3 fulltrúa.

Kosning fulltrúanna gildir í eitt ár.

Tilkynna skal um fulltrúa á aðalfund eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Þá skulu einnig tillögur fyrir aðalfund vera komnar fram. Tillögur ásamt ársreikningi Búnaðarsamtaka Vesturlands skulu vera aðgengileg fulltrúum a.m.k. viku fyrir aðalfund.

Á fundinum eiga auk þess eiga þær sæti með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar búgreinafélaganna, búnaðarþingsfulltrúar á Vesturlandi, starfsmenn búnaðarsamtakanna og stjórnarmenn þeirra.

Aðalfundur skal boðaður skriflega eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.

Aðalfundurinn er lögmætur ef 2/3 hlutar fulltrúa eru mættir. Fundurinn skal opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt, sama á við um aukafundi.

Til aukafundar kveður stjórnin er henni þykir þörf á, eða 1/3 hluti aðalfulltrúa krefst þess með skriflegu erindi til stjórnar. Í fundarboði skal tilgreina ástæðu og fundarefni.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúafundum, nema um sé að ræða breytingar á samþykktum samkvæmt ákvæðum 11. gr., eða slit á samtökunum samkvæmt ákvæðum 10. gr., í samþykktum þessum.

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa 5 manna stjórn búnaðarsamtakanna og varastjórn, svo og skoðunarmenn reikninga og eða löggiltan endurskoðanda. Fyrst skal formaður kosinn sameiginlega og án svæðabindingar. Síðan skulu fulltrúar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kjósa 2 stjórnarmenn, fulltrúar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1 stjórnarmann og fulltrúar úr Dalasýslu einn stjórnarmann. Varamaður sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, skal kosinn á undan öðrum varamönnum og án svæðabindingar. Varamenn annarra stjórnarmanna eru að lokum kosnir svæðabundið. Stjórnin kys varaformann úr sínum hópi.

Skoðunarmenn skulu vera tveir og jafnmargir til vara. Kjörtími stjórnar, varamanna hennar, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna og eða löggilts endurskoðanda er milli aðalfunda.

Allir félagsmenn aðildarfélaganna eru skyldir til að taka kosningu eitt kjörtímabil til þeirra starfa sem samtökin kjósa menn til og ákveðið er í samþykktum þessum.

8. gr.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi:

1. Skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári.
2. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til samþykktar svo og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.
3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og framlög í varasjóði.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 7. gr.
5. Kosning skoðunarmanna og ~~eða endurskoðanda skv. 7. gr.~~
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf í þágu samtakanna.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
8. Á aðalfundi skal leggja fram skriflegar skýrslur framkvæmdastjóra og ráðunauta búnaðarsamtakanna um störf þeirra ~~á liðnu ári.~~

9. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem annast í umboði hennar um eignir og fjármál samtakanna og daglega verkstjórn. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn. Framkvæmdastjóri skal vera bæði rekstrarlegur og faglegur stjórnandi leiðbeiningastöðvarinnar. Hann skal hafa lokið kandídatprófi í búfræði eða hafa aðra sambærilega menntun. Stjórn samtakanna fer með málefni þeirra milli aðalfunda og fylgir ályktunum þeirra eftir, sér um undirbúning kosninga til Búnaðarþings og framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir Bændasamtaka Íslands. Enn fremur annast hún fjárreiður samtakanna og reikningsskil og ber sameiginlega ábyrgð á öllum fjármálum þeirra. Starfsár og reikningsár samtakanna er almanaksárið. Reikninga samtakanna, starfsskýrslu og félagaskrá sendir hún til Bændasamtaka Íslands.

Stjórnarfundur heldur stjórnin eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér fundaráætlun í upphafi starfsárs, og skal stefnt að því að halda allt að 10 fundum á ári. Formanni er skylt að boða til stjórnarfunda krefjast einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðarbók um það sem fram fer á stjórnarfundum sem skal undirrituð af þeim sem sitja fund. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á því að fá sérálit sitt bókað.

10. gr.

Búnaðarsamtökunum verður ekki slitið nema 2/3 hlutar mætttra fulltrúa samkvæmt samþykktum kjörbréfum samþykki það á tveimur aðalfundum í röð, enda hafi tillaga að slitum verið auglýst í fundarboði, eignir samtakanna skulu þá tafarlaust afhendast Bændasamtökum Íslands til varðveislu. Bændasamtökin ávaxti eignirnar á tryggum stað þar til félag verður stofnað á Vesturlandi, er starfar á líkum grundvelli og samtökin. Skulu þær þá afhentar hinu nýja félagi gegn skuldbindingu frá því, að sömu ákvæði gildi um ráðstöfun eigna þess og hér eru settar um eignir samtakanna.

11. gr.

Samþykktum þessum má einungis breyta á aðalfundi og þurfa 2/3 hlutar mætttra fulltrúa sbr. 10. grein að samþykkja breytingarnar. Tillögur til breytinga á samþykktum ber að kynna með fundarboði.

12. gr.

Samþykktir þessar eru samþykktar á aðalfundi BV 20. apríl 2005 ~~18. apríl 2012~~ og öðlast gildi við staðfestingu stjórnar Bændasamtaka Íslands.

Markmið vegna kosninga til Búnaðarþings:

Markmið vegna kosninga til búnaðarþings er að búnaðarþingsfulltrúum frá Vesturlandi fækki ekki frá því sem nú er. Stefnt skal að því að kosning þeirra fari fram á aðalfundi BV og að sama fyrirkomulag verði viðhaft við þá kosningu og er um kosningu á almennum stjórnarmönnum BV.

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða 2012

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl 2012 í Heydal í Ísafjarðardjúpi og hefst hann kl. 10.00 árdegis. *Ath. breytta dagsetning vegna óviðráðanlegra orsaka.* Öllum bændum er heimil fundarseta meðan húsrúm leyfir, en aðeins kjörnir fulltrúar hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt.

Dagskrá

1. Fundarsetning, (skipan starfsmanna og tilnefningar í uppstillingar- og kjörbréfanefnd).
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningar BSV 2011.
4. Ársreikningar Útgáfufélags BSV 2011.
5. Umræður um skýrslur og reikninga.
6. Ávörp / Erindi (Form. BÍ, fulltr BV ofl.)

Hádegisverður.

7. Álit kjörbréfanefndar.
8. Afgreiðsla ársreikninga.
9. Skipað í starfsnefndir.
10. Mál lögð fram.
11. Umræður um framkomin mál.

Nefndarstörf og kaffihlé.

12. Afgreiðsla mála.
13. Kosningar:
 - a) Ritari til þriggja ára.
 - b) Vararitari til þriggja ára.
 - c) Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs.
 - d) Tveir varaskoðunarmenn reikninga til eins árs.
 - e) Ritnefnd Útgáfufélags BSV.
 - f) Þrír Búnaðarþingsfulltrúar 2013-2015.
 - g) Þrír vara-Búnaðarþingsfulltrúar 2013-2015.
14. Önnur mál.
15. Fundarslit.

Aðalfundur Félags sauðfjárþænda á Vestfjörðum 2012

Aðalfundur Félags sauðfjárþænda á Vestfjörðum verður haldinn miðvikudaginn 11. apríl í Heydal og hefst kl. 20:30.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Erindi formanns eða framkvæmdastjóra LS.
- Önnur mál.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna. Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Félags sauðfjárþænda á Vestfjörðum

Aðalfundur Búnaðarsambands Kjalarnesþings 2012


Aðalfundur Búnaðarsambands Kjalarnesþings verður haldinn að Þverholti 3, 3.h. miðvikudaginn 11. apríl nk. og hefst kl. 20.00.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf og kosning fulltrúa BSK á Búnaðarþing til þriggja ára 2013-2015.

Stjórnin.

Matjurtarækt - Hollur er heimafenginn baggi

Enn er möguleiki að skrá sig til þátttöku í átaksverkefnið í Matjurtarækt sem kynnt var í síðasta fréttabréfi. Einnig má finna upplýsingar um verkefnið í frétt á heimasíðu BV, www.buvest.is. Þeir sem vilja bætast í hópinn vinsamlegast láti vita af sér í síðasta lagi **30. mars** í síma 437 1215 eða með því að senda tölvupóst á netfangið ab@bondi.is.



Búfjárefirlit – Vorkoðun

Búfjárefirlitsmenn eru um þessar mundir að sinna vorkoðun búfjárefirlits. Búfjáreigendur eru vinsamlega beðnir um að gera ráðstafanir til að hægt sé að skoða allan búfénað á aðgengilegan hátt.

Skýrsluhald í sauðfjárrækt

Enn eru útistandandi nokkrar skýrslur í sauðfjárrækt. Nauðsynlegt er að þessar skýrslur skili sér sem fyrst til skrifstofu BV eða BÍ sem fjárbók eða á tölvutæku formi í fjarvis.is.

Leyfi til líflambasölu

Sauðfjárnæmdur sem ætla að sækja um leyfi til að selja líflömb skulu senda skriflega umsókn til Matvælastofnunar **eigi síðar en 1. apríl 2012**. Eyðublöð sem þarf til að sækja um má finna á www.mast.is. Einnig er hægt að hafa samband í síma 530 4800 og fá þau send.

Sauðfjárnæmdur sem nú þegar hefur fengið söluleyfi heldur því milli ára án umsóknar svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar.

Tilkynna þarf Matvælastofnun ef óskað er að söluleyfi verði fellt niður og mun stofnunin þá taka nafn búans af lista yfir bú sem hafa leyfi til að selja líflömb árið 2012.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma í síma 530 4800.

Gæðastýring í sauðfjárrækt

Í vorkoðunarferð búfjárefirlitsmanna er Handbók gæðastýringar í sauðfjárrækt skoðuð.

Þar eiga upplýsingar frá því í vorkoðun frá síðastliðnu vori og fram að vorkoðun nú að vera skráðar. Einnig eiga einstaklingsmerki að vera komin í allt ásett sauðfé samkvæmt merkingarreglugerð.

Klaufskurður

Nú er verið að fara af stað með klaufskurðarbásinn eftir vetrardvala. Kúabændur sem hafa áhuga á því að fá klaufskurð á næstu mánuðum eru hvattir til að panta sem fyrst.

Komugjaldið á klaufskurðarbásnum hefur hækkað í 17.000 kr. og tímagjaldið í 7.000 kr. til að standa undir útlögðum kostnaði. Í komugjaldinu er innifalin uppsetning og þrif á básnum.

Líkt og undanfarin ár reynum við að taka fyrir samfelld svæði til að samnýta ferðir. Áhugasamir hafið samband við Guðmund Hallgrímsson í síma 437 1215 eða í gsm 860 7305.



Nýjar loftmyndir

Loftmyndir ehf. eru um þessar mundir að leggja lokahönd á nýjar loftmyndir sem teknar voru síðastliðið sumar. Þær myndir sem fyrir voru frá Vestfjörðum voru flestar gamlar (frá 1998 og 1999) en nú er komið mikið af nýjum myndum inn af því svæði. Ef miðað er við línu dregna frá Kambsnesi við Álftafjörð og beint í Litlanes við Kjálkafjörð, þá eru nýjar myndir vestan við þessa línu. Einnig eru nýjar myndir af stórum hluta Snæfellsnes, Hnappadalssýslu, Mýrasýslu og eitthvað er af nýjum myndum af Kjósasýslu. Meirihluti mynda af svæði BV eru frá 2009-2011 þó einhver hluti þeirra sé frá 2003 og 2005.

Nú er rétti tíminn til að teikna túnakort en eins og flestir vita eru túnakort og vitneskja um túnastærðir grundvallaratriði og undirstaða ræktunarstarfsins. Eins og oft hefur komið fram undanfarið eru túnakort nú teiknuð beint inn á miðlægan kortagrunn og ávallt teiknuð inn á nýjustu myndirnar sem til eru af viðkomandi jörð.

Bændur sem hafa áhuga á því að fá túnakort eða láta uppfæra gamla túnakortið eru hvattir til að hafa samband við Sigurð Jarlsson hjá BV sem fyrst og fá nánari upplýsingar um túnakort og túnakortagerð í síma 456 3773 eða með því að senda honum póst á netfangið sj@bondi.is.

Jörð.is

Athygli er vakin á því að forritið Jörð.is er opið öllum bændum. Sækja þarf um aðgang en það er gert með því að fara inn á jörð.is og smella á „sækja um aðgang“ eða hringja í Bændasamtök Íslands.

Á jörð.is má meðal annars finna:


- Öll nýrri túnakort, þ.e. þau kort sem teiknuð hafa verið s.l. 3-4 ár inn á miðlægan kortagrunn
- Úttektir síðustu tveggja ára
- Allar áburðaráætlanir sem unnar hafa verið á vegum BV sl. tvö ár
- Nýjustu áburðarverðskrá allra innflytjenda sem og margt annað gagnlegt

Rétt er að minna á að túnakort eru forsenda úttektar fyrir jarðabótastyrk. Þeir sem eiga eldri túnakort geta sótt um aðgang og búið til sín tún með númerum og stærðum en þeir hafa ekki aðgang að kortasjá nema þeir hafi látið taka út jarðabætur á síðustu tveimur árum. Á jörð.is er síðan hægt að skrá allt um áburð, búfjáráburð, heyskap og fleira.

Bókhaldspjónusta BV ehf.

Bókhaldspjónusta BV ehf. tekur að sér bókhald og framtalsgerð. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband sem allra fyrst við Ingveldi H. Ingibergsdóttur í síma 437 1215 eða með tölvupósti á netfangið ihi@bondi.is. Vakin er athygli á því að almennur skilafrestur einstaklinga er 22. mars. Skilafrestur lögaðila er 31. maí.

Þeir sem hafa verið í bókhaldi undanfarin ár eru hvattir til að koma gögnum til okkar sem allra fyrst.



Nautgripærækt - myndafundir

Nú fer að stytast í myndafundina hjá BV. Kynbótamatið hefur verið endurreiknað síðan óskað var síðast eftir myndum og við það lækkuðu margar kýr og röð kúa breyttist. Þeir sem eiga kýr í efstu sætum (fæddar 2006 og 2007) fá tölvupóst frá okkur þar sem óskað er eftir myndum af þeim gripum. Best er að fá myndir sendar í tölvupósti, myndir í Huppunni eru óæskilegar þar sem erfitt er að stækka þær.

MÝRÆLDÁHÁTÍÐ

2012

Vorhátíð Búnaðarfélags Mýramanna verður nú haldin í þriðja sinn og hefst með opnum fundi um orkumál, sjálfbærni og nýjungar í orkuframleiðslu fimmtudagskvöldið 12.apríl kl.20.30 í Lyngbrekku. Með erindi verða Haraldur Magnússon frá Belgsholti, Ólafur Dýrmondsson ráðunautur og Halla Steinólfsdóttir frá Ytri-Fagradal. Opnar umræður, allir velkomnir. Fundarstjóri Ágúst Sigurðsson rektor Lbhí.

Dagskrá vorhátíðarinnar laugardaginn 14.apríl kl.13.00 í Lyngbrekku:

- ☺ Vélasýning, sölutjöld og handverksmarkaður
- ☺ Fyrirtæki kynna vörur og þjónustu
- ☺ Kjötsúpa í boði félags sauðfjárþænda
- ☺ Grillað naut í boði Sláturhússins á Hellu
- ☺ Forntraktorakeppni, reipitog og fleira sprell

Gert verður hlé á hátíðinni kl.17.00

Kvöldvaka og dansleikur í Lyngbrekku um kvöldið, hefst kl.20.30

- ☺ Veislustjóri Gísli Ægir Ágústson, Fjallabróðir
- ☺ Karlakórinn Söngbræður
- ☺ Sigurður Sigurðarson dýralæknir segir skemmtisögur
- ☺ Ungt tónlistarfólk lætur ljós sitt skína undir stjórn Steinku Páls
- ☺ Myndasýning, verðlaunaafhending og fleira að hætti Mýramanna !

Að lokinni kvöldvöku leikur hljómsveitin Sixties fyrir dansi fram á nótt !